

FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

3. árg. 2. tbl. 1994

Ágætu félagar.

Fréttabréf þetta ber ykkur fyrst og fremst tíðindi um farskólann. Ég vona að sumarið hafi verið notalegt og að þið komið full af orku á Austurlandið í haust.


Við höfum nú fengið nýjan ritstjóra, sú heitir Margrét Jónasdóttir og vinnur á Árbæjarsafni. Ég býð hana velkomna til starfa og þakka fyrrverandi ritastjóra Sigrúnu Ástu fyrir góð störf í okkar þágu. Það væri gaman að efla þetta fréttabréf enn frekar og hafa fréttapistla frá félagsmönnum. Allt sem getur bætt okkur hin af visku og dug. Ég skora á ykkur að senda inn fréttir eða tilkynningar af sem fjölbreyttum toga.

Stjórnin hefur ákveðið að koma þeirri reglu á að þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöld í tvö ár í röð detti sjálfkrafa út þriðja árið sem þeir borga ekki. Það er hverjum og einum í sjálfsvald sett að koma inn aftur með því einu að tilkynna sig.

Það vantar merki fyrir félagið. Lumar þú á hugmynd? Komdu henni á framfæri.

Safnamál eru okkur öllum hugleikin og ekki að ástæðulausu. Ýmislegt varðandi þau mál hefur borið á góma í fjölmiðlum að undanfögnu. Við þurfum að taka okkur tak og koma umræðunni í jákvæðan farveg. Ef við leggjumst á eitt getum við vel lagað hana. Safnastarfsemi er ekkert tortryggilegt fyrirbæri heldur þveröfugt. Ég vil nota tækifærið og hvetja ykkur til að hafa samband við stjórnina ef þið viljið koma málum á framfæri innan félagsins eða til Þjóðminjaráðs. Gott samstarf leggur grunn að góðum málum.

Með bestu kveðju,
Sigríður Sigurðardóttir



Inga Lára Baldvinsdóttir
Garðhúsum
820 Eyrarbakki

Fulltrúi FÍS í Þjóðminjaráði

Skoðanakönnun hefur nú farið fram innan félagsins um hver skuli sitja sem fulltrúi þess í Þjóðminjaráði. Alls greiddu 75 atkvæði og eru niðurstöður könnunarinnar þær að Sigríður Sigurðardóttir Byggðasafni Skagafjarðar, formaður félagsins, hlaut meirihluta atkvæða sem aðalfulltrúi eða 32. dr. Bjarni F. Einarsson, Árbæjarsafni hlaut 17 atkvæði og Árni Björnsson Þjóðminjasafni hlaut 8 atkvæði.

Í sæti varafulltrúa hlaut Árni Björnsson 20 atkvæði, Sigríður Sigurðardóttir 14 atkvæði og Ragnhildur Vigfúsdóttir 7 atkvæði.

Samtals hlutu 14 aðilar atkvæði sem aðalfulltrúar FÍS í Þjóðminjaráð en 20 sem varafulltrúar.

Stjórnin hefur ákveðið að fylgja niðurstöðu skoðanakönnunarinnar þar sem niðurstöður hennar voru afgerandi. Því mun Sigríður Sigurðardóttur taka sæti fulltrúa FÍS í Þjóðminjaráði og Árni Björnsson sitja sem varamaður hennar. Við óskum þeim velfarnaðar í starfi.

Jon Birger Östby í Þjóðminjasafni Fundur föstudaginn 2. september kl. 15:00

Föstudaginn 2. september verður staddur hér á landi Jon Birger Östby forstöðumaður fyrir Norsk Museumsutvikling og langar hann til að hitta íslenskt safnafólk. Stofnun þessi á að þróa norsk söfn og flokka byggðasöfnin þar í landi. Eitt af því sem verið er að vinna að er staðall fyrir þau, sniðin eftir bandarísku kerfi sem gengur undir nafninu "accreditation program for small museums". Umræða um þetta er forvitnileg og fræðandi.

Fjölmennum!
Stjórnin

Farskóli íslenskra safnmanna á Seyðisfirði 8.-11. september 1994.

Nú fer senn að líða að hinum árlega farskóla íslenskra safnmanna. Að þessu sinn verður hann haldinn á Seyðisfirði undir stjórn Guðrúnar Kristinsdóttur á safnastofnun Austurlands. Farskólanefndina skipa Guðrún Kristinsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir Seyðisfirði, Gunnlaugur Haraldsson Akranesi, Hrefna Róbertsdóttir Árbæjarsafni og Halldóra Ásgeirsdóttir Þjóðminjasafni. Tilhögun og dagskrá er sem hér segir:

Gisting og fæði

Boðið er upp á gistingu á tveimur stöðum á Seyðisfirði. Hægt er að velja annars vegar um að vera á farfuglaheimilinu og hins vegar að vera á Hótel Snæfelli. Á farfuglaheimilinu eru svefnpokapláss og er miðað við að 4 séu saman í herbergi. Á hótelinu er bæði hægt að fá svefnpokapláss og uppbúið rúm. Verðin hér að neðan eru fyrir fullt fæði og gistingu frá fimmtudagskvöldi til sunnudagseftirmiðdags.

Verð: Í svefnpokapláss: 9.250,-
Í uppbúnu rúmi: 10.900,- (ath. aðeins á hótelinu)

Vakin skal athygli á því að kvöldvaka fer fram í litlum sal í farfuglaheimilinu, og þar gæti því orðið ónæðissamt á laugardagskvöldinu.

Flugferðir

Sérstakt tilboð fékkst í flug fyrir þátttakendur í Farskóla safnmanna. Verðið er 8.550,- Reykjavík-Egilsstaðir-Reykjavík. Eina skilyrðið er að miðinn verði keyptur á söluskrifstofu Flugleiða á Reykjavíkflugvelli.

Flugferðin er ekki skipulögð sem hópferð, heldur mun þátttakendalisti á Farskólann liggja frammi á söluskrifstofu Flugleiða á Reykjavíkflugvelli, og þar geta félagsmenn gefið sig fram og keypt flugmiðann. Safnmannafélagið mun ekki hafa aðra milligöngu um flugferðirnar. Miðinn er ekki háður skilyrðum um dvalartíma eða brottfarardaga, svo menn geta lengt dvölinu ef svo hentar.

Brottför frá Rvk. á fimmtudaginn. 8. er: 7:30 og 17:00

Brottför frá Egilsstöðum á sunnudaginn 11. er 18:20.

Endurmenntunarstofnun Háskólans

Farskólinn er skipulagður í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskólans, og fá þátttakendur skírteini að honum afloknum. Farskólinn er alls 20 tímar, og metinn til einnar einingar, skv. einingamati Menntamálaráðuneytisins.

Dagskrá

Fimmtudagur 8. september Saga og byggð á Seyðisfirði

- 12-19:00: Mæting og innritun á Seyðisfirði á Hótel Snæfelli.
- 20:00: Léttur kvöldmatur á Hótelinu
- 21:00: Guðrún Kristinsdóttir skólastjóri Farskólans setur skólann í Herðubreið.
- 21:15: Erindi Þóru Guðmundsdóttur arkitekts. "Þróun byggðar á Seyðisfirði."
- 22:15: Kvöldganga.

Föstudagur 9. september Tölvuvæðing safna

Gunnar Svavarsson verkfræðingur og Einar Haukur Reynis sérfræðingur á gagnaflytningsdeild Pósts og Síma eru fyrirlesarar um tölvumál kl. 8:20-12:00, og verða þátttakendur í umræðum eftir hádegishlé þar sem staðan á 3 söfnum verður kynnt. Dagskráin er sem hér segir:

- 7:00-8:20: Morgunmatur Hótel Snæfelli.
- 8:20-9:00: Almenn umfjöllun um tölvuvæðingu.
- 9:00-9:40: Almenn umfjöllun um vél- og hugbúnaðarkerfi.
- 9:40-9:45: Örstutt hlé.
- 9:45-10:20: Sértek umfjöllun um gagnasafnskerfi og uppbyggingu gagnasafnskerfa (upplýsingakerfa).
- 10:20-10:40: Kaffihlé Hótel Snæfelli.
- 10:40-11:00: Gagnaflytningsleiðir og netkerfi - tölvusamskipti.
- 11:00-11:20: Niðurstöður könnunar á tölvuvæðingu safna á Íslandi, sem unnin verður sumarið '94 vegna farskólans.

- 11:20-12:00: Tölvuvæðing safna - Skrefaáætlun til að ná markvissri uppbyggingu.
- 12:00-13:30: Hádegishlé.
- 13:30-13:50: Teknir saman þræðir og almennar fyrirspurnir. GS/ER
 Þrjú stutt erindi um stöðu mála í tölvumálum á nokkrum söfnum, ásamt umræðum í tengslum við það sem fram kom um daginn.
 Erindin verði 10 mínútur, og umræður 10 mínútur um hvert.
- 13:50-14:05: Lilja Árnadóttir, safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands:
Fjarvinnsla skráningar og framtíðarsýn.
- 14:05-14:20: Brynhildur Ingvarsdóttir, myndadeild Árbæjarsafns:
Myndaskráning samtengd heimildum um ljósmyndara og myndasöfn í landinu.
- 14:20-14:45: Guðný Gerður Gunnarsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri:*Tölvuskráning í fimm ár.*
- 14:50-15:10: Kaffihlé Hótel Snæfelli.
- 15:10-16:30: Ferð til Eskifjarðar
- 16:30-18:30: Geir Hólm, forstöðumaður Sjóminjasafns Austurlands og Hilmar Bjarnason formaður byggðasögufndar Eskifjarðar.
Sjóminjasafnið , Randúlfssjóhús og byggðasögufnd Eskifjarðar.
- 18:30-19:00: Ferð til Norðfjarðar.
- 19:00-20:30: Matur á Norðfirði í boði bæjarstjórnar.
- 20:30-22:00: Norðfjörður.
 Einar Þórarinsson líffræðingur, forstöðumaður Náttúrugripasafns.
Náttúrugripasafnið.
 Guðmundur Sveinsson, mynda- og skjalasafn Norðfjarðar.
Mynda- og skjalasafn Norðfjarðar.
- 22:00-24:00: Heimferð til Seyðisfjarðar.

Laugardagur 10. september

Söfnunarstefna á minjasöfnum

- 7:00-9:00: Morgunmatur Hótel Snæfelli.
- 9:00-10:20: *Nefnd um söfnunarstefnu gerir grein fyrir starfi sínu.*
Inga Lára Baldvinsdóttir, deildarstjóri myndadeildar
Þjóðminjasafni: *Söfnunarstefna, dæmi og sýnishorn.*
Lilja Árnadóttir, safnstjóri Þjóðminjasafns: *Síðareglur safnmanna.*
- 10:20-10:40: Kaffihlé Hótel Snæfelli.
- 10:40-11:20: Helgi M. Sigurðsson, safnvörður munadeildar
Árbæjarsafns: *Söfnunarstefna og sérsöfn á höfuðborgarsvæðinu.*
- 11:20-12:00: Guðni Halldórsson, safnstjóri Safnahússins Húsavík:
Söfnun minja í Þingeyjarsýslu.
- 12:00-13:30: Hádegismatur Hótel Snæfelli.
- 13:30-14:10: Guðný Gerður Gunnarsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins
á Akureyri *Efnisflokkun, atriðisorðaskrá fyrir muni og myndir. Outline-flokkun í framkvæmd.*
- 14:10-14:50: Hópaumræður
- 14:50-15:10: Kaffihlé.
- 15:10-15:50: Gunnlaugur Haraldsson, safnstjóri Byggðasafnsins á
Akranesi: *Sjóminjar og tækniminjar. Söfnunarstefna og
framtíðarsýn.*
- 16:15-17:30: Boðið upp á skoðunarferð um Seyðisfjörð og nágrenni,
Fjarðarselsvirkjun m.a. skoðuð.
- 19:00-20:30: Kvöldverður á Seyðisfirði í boði bæjarstjórnar.
- 20:30-? : Kvöldvaka í Farfluglaheimilinu.

Sunnudagur 11. september

Egilsstaðir og hérað

- 8:00-10:00: Morgunmatur Hótel Snæfelli.
- 10:00-11:00: Framhaldsaðalfundur Félags íslenskra safnmanna,
Sigríður Sigurðardóttir.
- 11:00-12:00: Ferð til Egilsstaða og komið við í Miðhúsum.
- 12:00-13:00: Egilsstaðir. Hádegisverður í boði Egilsstaðabæjar.

- 13:00-14:30: Nýja safnahúsið á Egilsstöðum skoðað, sem og Gamla gistiúsið, elsta hús Egilsstaða.
Guðrún Kristinsdóttir, forstöðumaður Safnastofnunar Austurlands: *Safnastofnun og minjavarsla á Austurlandi.*
- 14:30-15:00: Ferð í Hallormsstað og um Hérað. Leiðsögumenn: Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur og Páll Pálsson á Egilsstöðum.
- 15:00-15:45: Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri ríkisins eða Þór Þorfinnsson skógarvörður á Hallormsstað:
Trjásafnið á Hallormsstað.
- 15:45-16:15: Kaffi á Hallormsstað í Húsmæðraskólanum og farskólaslit.
- 16:15-18:00: Heimferð til Egilsstaða um Fellin, í kringum Lagarfljótið, og komið við í fræðimannsíbúðinni á Skriðuklaustri og í Parthúsum.
- 18:00 Komið til Egilsstaða.
- 18:20 Mæting í flug til Reykjavíkur.

Í skoðunarferðum verður m.a. farið um söguslóðir Droplaugarsona og Hrafnkels Freysgoða.

Farskólanefndin vonast eftir að sjá sem flesta félagsmenn í Farskólanum fyrir austan.

Pátttaka tilkynnist skriflega eða munnlega fyrir 22. ágúst til:

Guðrúnar Kristinsdóttur
Safnastofnun Austurlands
Skógarlöndum 4
700 Egilsstaðir
S: 97-11451

eða

Halldóru Ásgeirsdóttur
Þjóðminjasafni Íslands
Suðurgötu 41
101 Reykjavík
S:91-28888 eða 623203

Samstarf norrænna safn- og safnmannafélaga

Eins og áður hefur komið fram í fréttabréfinu þá hafa norrænir safnmenn með sér samstarf. Ég hef sótt tvo fundi fyrir hönd Félags íslenskra safnmanna, í Kaupmannahöfn í sept. 1993 og í Gautaborg í maí s.l. Ég vil nú gera stuttlega grein fyrir því sem rætt var á fundinum í Gautaborg. Haldið var áfram umræðum um safnahugtakið, menntun og endurmenntun safnmanna, samvinnu norrænu safntímaritanna og loks kynningu á norrænum söfnum bæði innan og utan Norðurlandanna.

Skilgreining á því hvað telst vera safn er mismunandi frá einu landi til annars og rætt var um hvort þörf væri á norrænni skilgreiningu á því hugtaki. Ákveðið var að byrja á því að safna saman skilgreiningum sem koma fram löggjöf hvers lands og stuðla að umræðum um safnahugtakið í norrænu safnatímaritunum. Það er því tímabært að hefja þá umræðu meðal íslenskra safnmanna og færi vel á því að gera það í safnskólanum í haust.

Menntunar- og endurmenntunarmál safnmanna brenna á norrænum safnmönnum. Nokkuð var rætt um hvort mögulegt eða æskilegt sé að samræma menntun safnmanna á Norðurlöndum, en þó snerist umræðan mest um samstarf á sviði endurmenntunar. Ákveðið er að opna þau námskeið sem í boði eru í hverju landi fyrir þátttakendum frá hinum löndunum. Ennfremur verði stefnt að því að halda sérstök námskeið „fællesnordisk kursus“, sem taki mið af norrænni safnahefð og safnfræði. Stefnt verði að því að stofna ferðasjóð sem styrki safnmenn til að sækja slík námskeið. Í því sambandi er talað um að fá norræna menningarmálasjóðinn eða ráðherranefndina til að leggja fram fé.

Samstarf norrænu safntímaritanna hefur nokkuð snúist um það hvort stefna beri að því að sameinast um eitt norrænt safnblað. Það þykir ekki tímabært að sinni, heldur á að koma á samstarfi þeirra tímarita sem nú eru gefin út á Norðurlöndum. Sú samvinna er þegar hafin og hefur tengst samvinnu í endurmenntunarmálum því ákveðið var að ritstjórar blaðanna verði tengiliðir um samstarf um endurmenntun. Í hverju blaði verði norrænn dálkur eða síða, sem kynni námsskeið sem í boði eru í öllum löndum.

Kynning á norrænum söfnum var til umræðu bæði innan Norðurlandanna og utan. Fram kom á fundinum að sömu aðilar og standa að bókasýningunni sem haldin er árlega í Gautaborg, ráðgera að halda þar safnasýningu 1996. Bókasýningin er orðin vel þekkt og þykir vel skipulögð og voru menn sammála um að styðja hugmyndina um safnasýningu. Haldin er alþjóðleg safnasýning í París annað hvert ár. Norræn söfn hafa ekki tekið þátt í henni, aðallega vegna mikils kostnaðar en rætt var um hvort hægt væri að sameinast um leigu á bás og kynna norræn söfn sameiginlega.

Ég tel mjög mikilvægt að íslenskir safnmenn taki áfram þátt í samstarfi norrænna safnmanna, því ég held að við getum haft mikið gagn af því. Bæði bjóðast okkur tækifæri til að taka þátt í að móta samstarf um endurmenntun og sækja námskeið á Norðurlöndunum og eins því að taka þátt í umræðu um málefni norrænna safna sem eru í mikilli gerjun.

Akureyri 01-08-1994
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Aðalfundur Félags Íslenskra safnmanna 10. maí 1994

Aðalfundur Félags íslenskra safnmanna var haldinn á kaffistofu Þjóðminjasafns Íslands þriðjudaginn 10. maí. Ekki tókst að ljúka aðalfundarstörfum og mun því framhaldsaðalfundur verða haldinn í farskólanum á Seyðisfirði.

Á fundinum 10. maí skýrði formaður Hallgerður Gísladóttir frá starfinu á liðnu starfsári og eftir að lagðir höfðu verið fram reikningar var kosið í nýja stjórn. Hana skipa Sigríður Sigurðardóttir, formaður, Guðrún Fjóla Gränz, gjaldkeri og Unnur Björk Lárusadóttir ritari. Í varastjórn sitja Árni Björnsson og Kristinn Magnússon.

Í farskólanum í Skagafirði voru skipaðar tvær nefndir um safnamál. Önnur á að fást við söfnunarstefnu og sitja í henni Inga Lára Baldvinsdóttir, Lilja Árnadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Þór Magnússon og Helgi M. Sigurðsson. Sú nefnd hefur sent fyrirspurnir um vinnulag varðandi mótun söfnunarstefnu við erlend söfn og mun nefndin kynna störf sín í farskólanum á Seyðisfirði.

Hin nefndin fjallar um hlutverk og markmið Félags íslenskra safnmanna og sitja í henni Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir og Þóra Kristjánsdóttir. Nefndin mun taka sín viðfangsefni sem eru m.a. álitamál varðandi starfssvið félagsins, aðild einstaklinga eða stofnana, endurmenntun, norrænt samstarf og aðalfundartíma upp á framhaldsaðalfundi á Seyðisfirði 11. september.

Lilja Árnadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir sögðu frá þátttöku sinni í norrænu samsstarfi. Lilja var skipuð í sérfræðinganefnd um safnamál á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem ætlað er að geri tillögur um formlegt samstarf milli safna á Norðurlöndum. Guðný Gerður hefur sótt fundi norrænna safnmannafélaga þar sem meðal annars var rætt um ýmis skilgreiningaratriði sem varða norræna safnastefnu og mikilvægi þess að opna safnanámskeið milli Norðurlanda. Einnig var ákveðið að koma á samstarfi ritstjóra norrænna safnmannatímarita í því skyni að auka upplýsingastreymi.

Breytingartillögur að lögum Félags íslenskra safnmanna.

4. grein hljóði svo:

Aðalfund skal halda ár hvert á Farskóla íslenskra safnmanna, þó eigi síður en 10. október. Skal til hans boðað bréflaga með minnst hálfmánaðar fyrirvara. Þó er aðalfundur lögmætur, ef löglega er til hans boðað. (Flutningsmaður Sgirður Sigurðardóttir).

Í stað 9. greinar komi:

Fulltrúa Félags íslenskra safnmanna í Þjóðminjaráð skal kjósa í almennri kosningu á aðalfundi. (Flutningsmaður Helgi M. Sigurðsson).

9. grein færist í 10. sæti í lagabálki félagsins.

Framhaldsaðalfundarboð

Framhaldsaðalfundur í Félagi íslenskra safnmanna verður haldinn á Hótel Snæfelli á Seyðisfirði sunnudaginn 11. september kl. 10:00. (Sjá dagskrá Farskólans).

Dagskrá

1. Fundargerð fyrri hluta aðalfundar lesin upp.
2. Lagabreytingar.
3. Árgjald.
4. Nefndarstörf.
5. Önnur mál.

Mætum vel og stundvíslega !
Stjórn FÍS.

Breytingarlögur að lögum Félags Íslenskra
Safnmanna

4. grein þýðir svo:
Aðalinn skal halda ári hvert á Félags Íslenskra Safnmanna, þó eingi
stíkur en 10. október. Skal til þessa þótt það sé minnst hálf
mánuður fyrir. Þó er aðalinnur lögmæt, ef löggjafi er til þess
þótt. (Finningsmáttur-Stjórn Stjórnvalda)
Í stað 9. greinar kemur:
Fullnað Félags Íslenskra Safnmanna (Þjóðmáttur) skal ljós (áminna)
kosiðna á aðalinn. (Finningsmáttur Heigi M. Stjórnvalda)
9. grein færir í 10. stað í lagabók þess.

Finningsmáttur

Finningsmátturinn í Félags Íslenskra Safnmanna verður halinn á
Hósti Gæðli í Seyðisvíki sunnudaginn 11. september kl. 10:00 (S)
dagsins Félagsins.

Dagur

1. Fundagurinn þinn þinn aðalinnur þinn upp.
2. Lagabreytingar.
3. Ágæt.
4. Niðurstæði.
5. Önnur mál.

Meinu vel og samþykkið!
Sjón F.S.

Útgefandi: Félag íslenskra safnmanna, ritstjóri Margrét Jónasdóttir,
Árbæjarsafni, P.O. Box 10020, 130 Reykjavík. S: 875412
